

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um ráðningar starfsmanna.

1. *Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í ráðuneytinu án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum?*

Á árinu 2007 var enginn starfsmaður ráðinn án auglýsinga.

Á árinu 2008 voru fimm starfsmenn ráðnir til tímabundinna verkefna, m.a. samkvæmt reglum nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, einkum vegna neyðarástands á fjármálamörkuðum og brýnna aðgerða í efnahagsmálum.

Á árinu 2009 var einn starfsmaður ráðinn til tímabundinna verkefna, sbr. reglur nr. 464/1996, og fimm starfsmenn voru fluttir til í starfi innan Stjórnarráðsins á grundvelli ákvæða laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um tilflutning innan Stjórnarráðsins.

Á árinu 2010 voru tveir starfsmenn fluttir til verkefna hjá ráðuneytinu tímabundið í eitt ár á grundvelli vistaskipta milli ráðuneyta.

Það sem af er árinu 2011 hefur enginn starfsmaður verið ráðinn án auglýsingar.

2. *Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í ráðuneytinu?*

Af umræddum starfsmönnum sem komið hafa til starfa til ráðuneytisins síðastliðin tæp fimm ár eru fimm enn í starfi hjá ráðuneytinu. Þrjú af þeim komu til starfa samkvæmt ákvæðum starfsmannalaga nr. 70/1996 um tilflutning milli ráðuneyta og tveir eru í starfi á grundvelli vistaskiptasamninga á milli ráðuneyta.